



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 7. desember 2007
Ákvörðun nr. 67/2007

Samruni SPX og APV

1.

Með bréfi, dags. 7. nóvember sl., var tilkynnt að félagið SPX Corporation (SPX) í Bandaríkjunum hafi keypt af félaginu Invensys Plc. í Bretlandi, deild eða fyrirtæki innan félagsins að nafni APV. Bréfinu fylgdi samrunaskrá, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 880/2005 um tilkynningu samrun ¹. Samrunaskránni fylgdu einnig viðaukar 1-13. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaupin í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrðin eru metin uppfyllt.

2

Í tilkynningunni kemur fram að SPX sé alþjóðlegt framleiðslufyrirtæki á sviði ýmisskonar iðnaðar sem selji úrvinnslubúnað (e. Industrial process equipment), búnað tengdan innviðum framleiðslutækja, prufunar- og mælubúnað, hitabúnað og fleiri tegundir margskonar iðnaðarvara. Velta SPX á Íslandi hafi verið árið 2006 um kr. [...] ². Heildarvelta fyrirtækisins hafi verið [...] Bandaríkjadala] ³.

Um Invensys segir að það sé alþjóðlegt fyrirtæki á sviði flutninga-, sjálfvirkni- og stýribúnaðar. Félagið samanstandi af sex fyrirtækjum sem veiti lausnir á sviði sjálfvirkni- og stýribúnaðar til fjölbreytts hóps atvinnugreina. Eitt af þessum fyrirtækjum sé APV sem útvegi lausnir á alþjóðavísu, m.a. fyrir matvinnsluiðnað, drykkjariðnaðinn og heilsu- og lyfjaiðnaðinn. Velta APV á Íslandi hafi árið 2006 verið kr. [...] ⁴. Heildarvelta Invensys hafi verið [...] sterlingspunda] ⁵, þar af hafi velta APV verið [...] sterlingspunda] ⁶.

3.

Í samrunaskránni kemur fram að með kaupum SPX á APV muni framleiðsla, sala og dreifing fyrir úrvinnslubúnað í m.a. Evrópu og Kyrrahafshluta Asíu aukast af hálfu SPX. Með því að sameina sérþekkingu APV á sviði rannsókna, þróunar og verkfræði, ásamt eignamöppu APV á sviði úrvinnslulausna og tæknilegrar þekkingar, við starfsemi SPX búist fyrirtækið við að auka vöxt sinn á sviði svokallaðrar flæðitækni (e. *flow technology*). Vöruúrval APV falli mjög vel að núverandi starfsemi og vöruúrvali SPX.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.

⁶ Fellt út vegna trúnaðar.



Fram kemur að eina skörun SPX og APV sé í flæðitækni. Sú skörun eigi sér stað annars vegar á sviði iðnaðarúrvinnslutækja en undir það falli dælur, ventlar, tankar, blandarar, mælar o.fl. og hins vegar í þjónustu fyrir úrvinnslukerfi en sú skörun sé aðeins í Bandaríkjunum. Landfræðileg skörun sé lítil milli SPX og APV þar sem félögin starfi ekki á sömu landfræðilegu mörkuðunum. Að þessu leyti séu viðskiptasvið APV og SPX að miklu leyti viðbót hvort við annað. Skörun landfræðilegs markaðar sé aðallega í Norður-Ameríku. APV hafi starfsemi í Evrópu og Asíu á meðan SPX hafi lítil viðskipti á þeim svæðum.

Bent er á að hvorki SPX né APV eigi dótturfélög eða hafi skrifstofur hér á landi. Sala APV á stjórnbúnaði fyrir iðnaðarúrvinnslutæki á Íslandi fari fram í gegnum söluskrifstofu fyrirtækisins í Danmörku. APV selji einnig varmaskipta fyrir iðnaðarfyrirtæki hér á landi en einungis gegnum einn söluaðila. Eina starfsemi SPX á Íslandi sé sala vara fyrirtækisins til Íslands að utan. Helstu keppinautar SPX hér á landi séu Alfa Laval, Write, Viking, Johnson UK og Mono.

Loks kemur fram að dælumarkaðurinn á EES svæðinu sé mjög niðurbrotinn markaðaður en samkvæmt Frost&Sullivan sem sjái um greiningu á mörkuðum⁷ séu 74% markaðarins keppinautar sem hver um sig sé með minna en 1% markaðshlutdeild. Ekki sé ástæða til að ætla að staðan sé önnur hér á landi.

Samrunaaðilar telja að samruninn muni ekki hafa nein efnisleg áhrif á hagsmuni neytenda og milliliða né nein efnahagsleg eða tæknileg áhrif hér á landi eða innan EES svæðisins.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að umræddur samruni sé líklegur til að vala röskun á samkeppni hér á landi. Því er ekki ástæða til að hafast frekar að vegna samruna SPX og APV á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

⁷ <http://www.frost.com/prod/servlet/frost-home.pag> .



Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 31. október sl., keypti SPX Corporation deildina APV af fyrirtækinu Invensys Plc. Fela þessi kaup í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

